

Auðnulaus með örflögur í heilanum og flugu í höfðinu. Uppfærsla homo sapiens og stundarfjórðungssnjallborgin

Útvortis líffæri okkar, snjallsíminn, er á leið inn í miðtaugakerfið. Innan fárra ára er líklegt, að saman fari skylda til bólusetninga (aragrúi bóluefna er þegar til reiðu) og skylda til ígræðslu örflaga til innri og ytri samskiptatækni, temprunar og stjórnunar.

Ígræðslur eru þegar hafnar, bæði í heilsubætandi augnamiði og til hagræðingar. Þannig er tækniöfbeldið iðulega kynnt. T.d. býðst ensk-pólskt fyrirtæki til að skjóta örflögu inn í handarbakið, sem má nota til að opna með bílinn og/eða samþykkja greiðslur. (Svipuðum skilríkjum er skotið inn í makkann á hrossum.)

Áhugamenn um ofangreint og hagsmunaaðiljar undir forystu Alþjóðaefnahagsráðsins (World Economic Forum), vilja, að við búum í svokölluðum snjallborgum, þar er hamingjan er innan seilingar. Í snjallborginni munum við njóta stjórnunar frá samhæfingarmiðstöð yfirvalda, sem m.a. deilir út hlýðnistigum.

Innistæða hlýðnistiga (social credit score) mun ráða því, hvað við getum gert og hugsað. (Í Kína er mótuð fyrirmynd.) Andófshugsanir - og haturorðræða að sjálfssögðu - verður svæfð í miðtaugakerfinu af innbyggðum ritskoðurum hugsunar- og ritskoðunareftirlits yfirvalda. Það mun vinna með svipuðum hætti innvortis og það gerir nú útvortis í fjölmiðlum, embættis- og dómskerfi.

Góð heilsa verður tryggð með líftækninæringu, bólusetningum og lyfjum. Eftirlitið verður í höndum Landlæknis. Fylgst verður hræringum innan rifja sem og útvortis, svo gera megi áreiðanlega sjúkdóms- eða geðgreiningu. Eins og svo oft áður í sögunni kemur geðlæknisfræðin að gagni við að greina andleg heilsufrávik, vopnuð sjúkdómsgreiningaskrá.

Geðgreiningar og þvingunarmeðferð af ýmsu tagi í þágu valdhafa er hvergi nærri ný af nálinni. Andóf var t.d. sjúkdómur í Ráðstjórnarríkjunum sálugu og Þýskalandi nasistanna. Nú eru öndverðar skoðanir á covid-19, þ.e. miðað við rétttrúnað lyfjafyrirtækja og yfirvalda, orðinn geðsjúkdómur á Vesturlöndum. Aðsóknargeðveiki heitir það. Slíkir sjúklingar sæta nauðungarinnlögn og lyfjagjöf.

Efasemdarmenn um trúna á hamfarahlýnun, veiruhamfarir, kynleysuna og kúgun karla á konum, munu hljóta sömu örlög og þeir karlmenn, sem um þessar mundir eru

dæmdir fyrir kynópökkaskap eða eru staðnir að vantrú á gildi kvenfrelsunarguðspjallsins. Þeir eru skikkaðir í meðferð eða hugmyndafræðilega endurhæfingu eins og hugmyndafræðivillingarnir í Kína.

Líknarsjálfsvíg (medically assisted death - MAID) verður á boðstólnum í heilbrigðiskerfi snjallborganna fyrir vansælar afætur og „gagnslaus átvögl“ (useless eaters). Kanadíska heilbrigðiskerfið býður slík úrræði nú þegar og í Evrópu hefur verið hannaður hentugur búnaður í þessu skyni. Í Kanada er í undirbúningi löggjöf, sem heimilar ríkisvaldinu að veita börnum líknarsjálfsvígspjónustu, að foreldrunum forspurðum. (Sama þróun og við kynskiptingu.) Andlát af völdum líknarsjálfsvíga er sjötta algengasta dánarorsökin í Kanada á líðandi stundu.

Stundum er skammt á milli lífs og dauða. Í ljósi þeirrar staðreyndar, að sæðisframleiðsla karlmanna minnkar stöðugt og ófrjósemi eykst hjá báðum kynjum vegna covid-19 bólusetningar, hafa vísindamenn gert gangskör að því að framleiða „gervilífmóður“ (artificial womb). Hún hefur þann stóra kost að frelsa konur endanlega frá þeirri kúgun að bera börn.

(Kvenfrelsarar hafa reyndar bent á, að nóg sæði sé til í sæðisbönkum. Því sé engu að kvíða. En þó megi slá varnagla með því að setja um tíunda hluta karlmanna á vetur, samkvæmt mælistikum þeirra um heilbrigða karlmennsku.)

Í snjallsamfélaginu er því von til þess, að kúgun karla á konum réni umtalsvert, enda er valdefling og frelsun kvenna og barna, sérstakt markmið í áætlunum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni 2030 og í áætlunum Evrópuþjóða og Alheimsefnahagsráðsins.

Endanleg frelsun kvenna verður væntanleg tryggð með svokallaðri gervilífmóður. Snillingarnar, sem dútla sér við þróun þessa þjóðþrifatækis, kalla uppfinningu sína „enduruppötvun þróunarinnar.“ Í gervilífmóðurinni má fíkta að vild við erfðirnar og velja kyn fósturs. Tæknin er raunar óspart notuð í dag á Vesturlöndum til að fækka sveinbörnum. Þetta er sannkölluð líftæknigervilífmóðir.

Eins og gefur að skilja eru uppgrip í taugaboðsstjórnunar- og líftækni um þessar mundir. Aurasálin og mannvínurinn, Bill Gates, hefur nú þegar sótt um einkaleyfi á tæknitaugaboðum innan rifja, því – eins og áður er ýjað að – verður eftirlitið (biometric surveillance) holdtekið (under the skin), samkvæmt Yuval Noah Harari,

framtíðarhugmyndfræðingi Bill og félaga í Alheimsefnahagsráðinu. (World Economic Forum).

Snjallborgir rísa á líðandi stundu. Í eyðimörk í Miðausturlöndum hefur verið grafinn grunnur að snjallborg á vegum olúfurstu nokkurs. Í Öxnafurðu (Oxford) er þegar farið að beita svonefndu stundarfjórðungsskipulagi á eldri hluta borgarinnar. Það snilldarskipulag felur í sér, að allt, sem hugurinn girnist, megi nálgast innan stundarfjórðungs. Komið verður í veg fyrir ráp milli borgar-, lands- og heimshluta. Þú munt geta ferðast og átt samskipti í þrívídd eða farið í tölvuleik, ef þér leiðist. Tölvuleikir verða í boði stjórnvalda eins og bóluþefni og lyf.

Detti þér í hug að skreppa út í rétt eða gerði – eins og okkur var úthlutað í covid-fárinu - munu nagandi áhyggjur af hamfarahlýnun, banvænum gróðurhúsalofttegundum eða sólbruna, heyra sögunni til. Yfirvöld munu beita nýjustu sólskjaldartækni (geoengineering) til að firra þig slíkum áhyggjum.

Vottuð rétrúnaðarfjölmiðlun, eftirlitsmyndavélar, innra og ytra eftirlit, mun auðvelda valdhöfum það vandasama hlutverk að hlúa að heilsu þinni, hugsun og hamingju, útvega réttar fréttir, móta skilning þinn á veröldinni, úthluta hlýðnistigum og sjá um fjárvörslu og ráðstöfun rafskildinga þinna í Rafmyntabanka ríkisins.

Matvæladreifing yfirvalda mun sjá til þess, að engin óhollusta verði á boðstólnum, bara afurðir frá skordýrabúgördunum úr erfðabreyttum örhúsdýrum (micro livestock), m.a. erfðatæknijeti - Bill Gates hefur þegar tryggt sér margvísleg einkaleyfi í þessu sambandi – og nú þegar er alls konar gómyndi á vegum fyrirtækja hans og annarra á boðstólnum.

Þó gæti verið, að á tímabili gefist kostur á katta- og hundakjötskássu, því þeim óværum verður að slátra – samkvæmt boði Klaus Schwab – til að takmarka myndun gróðurhúslofttegunda.

Þú munt ekki þurfa að rogast með bólusetningavottorð, vegabréf eða skilríki af nokkru tagi. Lögregla og önnur yfirvöld skanna barasta örflögu undir húð eins og áður er tæpt á. Aukin heldur munu alþjóðleg njósnaforrit í snjallsímanum senda upplýsingar til alþjóðlegra yfirvalda eins og hins nýja alvalds, Alþjóðasmitvarnastofnunarinnar, sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur í bígerð.

Leyfi til athafna og hugsana verður skilyrt kolefnissporinu. Nú þegar á sér stað gamalkunn samvinna yfirvalda og fyrirtækja – fjárfestingarsjóðirnir, ekki síst Svarti klettur (Black Rock) og Vanguard eru umsvifamiklir – um svokallaða umhverfis-yfirvalda-fyrirtækja-stjórnun (environmental, social, and corporate governance - ESG). Þetta er hliðstætt fyrirkomulaginu við bólusetningu heimsbyggðarinnar.

Það vill þó svo bölvánlega til, að hvorki meira né minna en nítján ríki Bandaríkja Norður-Ameríku neita að láta stjórnast, hafa fengið „kul í iljarnar,“ og mótmæla boðberum kvenfrelsunarsnillinnar um kolefnishlutlaust og veirulaust öreigaalsæluhverfi, þ.e. snjallborgir, Sameinuðu þjóðanna og Alheimsefnahagsráðsins.

Hin snjalla Katrín Jakobsdóttir berst með oddi og eggju fyrir slíku sælusamfélagi, samkvæmt sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna fyrir 2030 og lærimæðra sinna og -feðra í Alheimsefnahagsráðinu. Hún er dyggileg studd af stjórn sinni.

https://articles.mercola.com/sites/articles/archive/2022/12/12/the-great-reset.aspx?ui=50823ccf152775dc8e8154c0ff79da522ef0aa959b384df904857f2fc49c6730&sd=20221129&cid_source=dnl&cid_medium=email&cid_content=art3HL&cid=20221212_HL2&cid=DM1305034&bid=1667419833https://articles.mercola.com/sites/articles/archive/2022/12/12/the-great-reset.aspx?ui=50823ccf152775dc8e8154c0ff79da522ef0aa959b384df904857f2fc49c6730&sd=20221129&cid_source=dnl&cid_medium=email&cid_content=art3HL&cid=20221212_HL2&cid=DM1305034&bid=1667419833

<https://thegrayzone.com/2022/12/06/files-anomaly-6-firm-spyware/>

https://corbette.report.substack.com/p/marc-morano-writes-the-great-reset?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.foreignaffairs.com/world/autocrat-in-your-iphone-mercenary-spyware-ronald-deibert?utm_medium=promo_email&utm_source=pre_release&utm_campaign=pre_release_120522&utm_content=20221212&utm_term=all-special-send

<https://expose-news.com/2022/12/12/the-weaponisation-of-psychiatry/>

<https://www.medrxiv.org/content/10.1101/2022.11.22.22282650v1>

<https://www.youtube.com/watch?v=O2RivJ1U7RE>

<https://thefreethoughtproject.com/be-the-change/world-economic-forum-reveals-plan-to-block-out-the-sun-with-space-bubbles-seriously>

https://www.theepochtimes.com/one-size-fits-all-dangerous-drugs-must-give-way-to-personalized-medicine_4905019.html

https://humansbefree.com/2022/08/world-economic-forum-there-are-rational-reasons-to-microchip-your-child.html?fbclid=IwAR24IAk77up0_3qbTAmrs9rMnqFSPZpqf1UMdml7e55_APnlzK5oAdvP-bQ

<https://expose-news.com/?s=fertility>

<https://www.nationalreview.com/corner/canadian-childrens-activity-book-indoctrinates-kids-into-euthanasia/>

<https://scienceandstuff.com/ectolife-artificial-wombs/>

<https://expose-news.com/2022/12/12/artificial-wombs-would-reinvent-evolution/>

<https://www.thefp.com/p/scheduled-to-die-the-rise-of-canadas>

https://stopworldcontrol.com/cry-freedom/?inf_contact_key=2c7c7811fbfa24096bae4724c75e3d82cc0558ed5d4c28c_bfab114022b1ec50d

<https://www.deseret.com/2022/11/4/23401482/canada-euthanasia-laws-mature-minors-medical-aid-in-dying>

<https://www.facebook.com/kla.tv.island/videos/791064165290753>

<https://rumble.com/v1zvd5y-wef-wants-to-slaughter-millions-of-pet-cats-and-dogs-to-fight-climate-chang.html>

<https://unfccc.int/blog/the-15-minute-city>

https://breggin.com/admin/fm/source/6905_breggin/uploads/2008/01/psychiatrysrole.pbreggin.1993.pdf

<https://expose-news.com/2022/12/11/a-third-of-all-jobs-will-disappear-by-2030/>

<https://www.facebook.com/kla.tv.island/videos/1075209883170607>

<https://www.facebook.com/kla.tv.island/videos/419927800277085/>

<https://thehighwire.com/videos/whistleblower-nurse-exposes-rise-in-fetal-demise/>

<https://www.facebook.com/kla.tv.island/videos/838449040729627>

<https://rumble.com/v1z2ae8-bill-gates-patent-gives-him-exclusive-rights-to-computerize-the-human-body.html>

https://articles.mercola.com/sites/articles/archive/2022/12/10/redesign-of-food-system-plot-for-control.aspx?ui=50823ccf152775dc8e8154c0ff79da522ef0aa959b384df904857f2fc49c6730&sd=20221129&cid_source=dnl&cid_medium=email&cid_content=art1HL&cid=20221210&cid=DM1303633&bid=1665969977

<https://www.thetimes.co.uk/article/oxford-set-to-cut-its-famous-traffic-jams-by-degrees-nqkrd5xhd>

<https://expose-news.com/2022/12/10/blackrock-and-vanguard-come-under-fire/>

https://articles.mercola.com/sites/articles/archive/2022/12/10/surveillance-capitalism.aspx?ui=50823ccf152775dc8e8154c0ff79da522ef0aa959b384df904857f2fc49c6730&sd=20221129&cid_source=dnl&cid_medium=email&cid_content=art3HL&cid=20221210&cid=DM1303633&bid=1665969977

<https://www.skynews.com.au/opinion/prepare-for-climate-lockdowns-rogue-british-council-wants-to-strip-you-of-freedoms-and-everyday-liberties/video/71b628310f0285f653a23cd62d7fadf6>

<https://www.visionnews.online/post/climate-lockdowns-canterbury-joins-oxford-as-second-city-to-introduce-controversial-scheme>

<https://www.oxfordmail.co.uk/news/23073992.traffic-filters-will-divide-city-15-minute-neighbourhoods/>

<https://www.visionnews.online/post/oxfordshire-county-council-pass-climate-lockdown-trial-to-begin-in-2024>

<https://www.dailysignal.com/2022/08/24/canada-is-euthanizing-its-sick-and-poor-welcome-to-world-of-government-health-care>